

Fimmtudaginn 23. febrúar 1978.

Nr. 7/1977. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja  
f.h. Félags íslenzkra símamanna**  
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)  
gegn  
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Ágreiningur um viðleguútbúnað símamanna.

### Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 6. júní 1977.

Stefnandi er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Félags íslenzkra símamanna.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að starfsmönnum Pósts og síma, sem starfa sinna vegna þurfa að gista íbúðarskúra Pósts og síma, skuli lagður til þeim að kostnaðarlausu sams konar viðlegubúnaður og tíðkast í gistihúsum hér á landi.

2. Að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að í aðalkjarasamningi sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976, 20. gr., sé kveðið svo á, að sé starfsmanni við störf fjarri heimili sínu, gert að gista í húsnæði í eigu eða umráðum ríkisins, skuli það gistirými vera hlýtt, hreinlegt og viðleguútbúnaður sambærilegur við það, sem gerist á gistihúsum, eftir því sem við verði komið. Sams konar ákvæði og þetta hafi fyrst komið inn í samning ríkisstarfsmanna með sérkjarasamningum aðildarfélaganna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja árið 1974, en starfsmenn muni lítt hafa fylgt þeim eftir. Á árinu 1976 hafi komið upp ágreiningur um skilning á framangreindu ákvæði aðalkjarasamningsins. Félag íslenzkra símamanna

hafi talið, að Póstur og sími ætti samkvæmt nefndu ákvæði að leggja starfsmönnum, sem búa í vinnuskúrum, til sængurfatnað. Póstur og sími hafi leita álits samgönguráðuneytisins og fengið þau svör, að stofnuninni bæri ekki að leggja starfsmönnum til sængurfatnað. Stjórn Félags íslenzkra símamanna hafi næst leitað til sóknaraðila með bréfi dags. 30. ágúst 1976. Hinn 21. september 1976 hafi málið svo verið lagt fyrir samstarfsnefnd sóknaraðila og varnaraðila, sbr. 39. gr. laga nr. 29/1976. Þar hafi málinu verið frestað vegna yfirlýsingar fulltrúa varnaraðila í samstarfsnefndinni um það, að með vori 1977 yrði vist í tjöldum og skúrum úr sögunni og í þeirra stað teknar upp fastar bækistöðvar þar sem gistiðstaða væri sambærileg við það, sem tíðkast í gistihúsum. Málið hafi svo aftur verið tekið fyrir í samstarfsnefndinni 10. maí 1977, þar eð ekki hafi verið staðið við gefin fyrirheit um viðlegubúnaðinn. Fulltrúar varnaraðila í nefndinni hafi látið bóka í fundargerðarbók hennar 16. maí 1977, að sú væri skoðun varnaraðila á gistingarákvæðum 20. gr. aðalkjarasamningsins, að eingöngu sé skylt að leggja til sængurfatnað í það húsnæði, sem teljist hús í þeim skilningi, að það sé metið fasteignamati, en taki ekki til tjalda eða hreyfanlegra vinnuskúra. Þar sem ekki hafi verið unnt að þoka málinu lengra samningaleiðina hafi sóknaraðili verið nauðbeygður til að höfða mál þetta.

Ákvæði 20. gr. aðalkjarasamnings aðila frá 1. apríl 1976 um gistingu eru svohljóðandi:

„Gisting:

1. mgr. Sé starfsmanni, sem er við störf fjarri heimili sínu, gert að gista í húsnæði, sem er í eigu eða umráðum ríkisins, skal það gistirými vera hlýtt og hreinlegt og viðleguútbúnaður sambærilegur við það, sem gerist á gistihúsum, eftir því sem við verður komið. Aðgangur skal vera að hreinlætistækjum, þar á meðal steypibaði.
2. mgr. Ef gistirými er skáli í óbyggðum, skal gistiðstaða eigi vera lakari en tíðkast í sæluhúsum Ferðafélags Íslands.“

Krafa stefnanda er byggð á því, að ekki sé ágreiningur um það, hvað felist í orðinu „viðleguútbúnaður“ í 20. gr. aðalkjarasamningsaðilanna, en það þýði að starfsmönnum sé lagður til sængurfatnaður, þ.e. sæng, með sængurveri, lak og koddí með koddaveri. Komi þetta fram í bréfi stefnanda, sem lagt hafi verið fram í sam-

starfsnefnd aðila skv. 32. gr. laga nr. 29/1976 svo og bókun fulltrúa varnaraðila á fundi nefndarinnar. Ágreiningur sé hins vegar um það, hvort varnaraðili eigi að láta í té sængurfatnað aðeins í húsnæði í eigu eða umráðum ríkisins, sem sé annars konar en tjaldbúnaður og vinnuskúrar (íbúðarskúrar). Vilji varnaraðili þrængja hugtakið húsnæði í 20. gr. kjarasamningsins og binda það við þess konar húsnæði, sem metið sé fasteignamati. Hafi sú afstaða stefnda fyrst komið fram á árinu 1976. Með því séu íbúðarskúrarnir útilokaðir, því ágreiningslaust sé, að þeir séu ekki metnir fasteignamati, sbr. ákvæði 2. gr. laga nr., 94/1976 um fasteignamat. Hins vegar verði ekki séð, að réttmætur grundvöllur sé fyrir þessari skýringu á umræddu ákvæði 20. gr. aðalkjarasamningsins, því að samningurinn sjálfur geri ekki ráð fyrir, að ríkisstarfsmönnum sé mismunað með þeim hætti, sem hljóti að leiða af skilningi varnaraðila, ef réttur reynist. Gistingarákvæði 20. gr. samningsins geri einmitt ráð fyrir hlýju gistirými og hreinlegu og viðlegubúnaði sambærilegum við það, sem gerist á gistihúsum, þ.e. að lagður sé til sængurfatnaður. Ekki sé í 20. gr. minnzt á vinnuskúra og því sé ekki gerður munur á þeim og öðru húsnæði. Ekki séu starfsmenn Póst og síma látnir búa í tjöldum, né heldur haldi stefndi því fram, að bjóða megi starfsmönnum upp á sóðalegt gistirými og kalt, þótt íbúðarskúrar séu. Þá sé og fram komið, að ríkið hafi lagt sig fram um að skapa snyrtiaðstöðu fyrir starfsmenn í vinnuflokkum sínum. Þannig hafi sérstökum snyrtiklefum með baðaðstöðu verið komið upp við íbúðarskúrana, sbr. ákvæði 2. og 3. mgr. 20. gr. samningsins. Það stingi því mjög í stúf við ákvæði 20. gr. og framkvæmd þess af hálfu stefnda, er stefndi vilji nú hliðra sér hjá að leggja starfsmönnum sínum til sængurfatnað. Ekki verði annað séð, en að sama eigi að gilda um sængurfatnað og snyrtiaðstöðu, þrífnað og upphitun. Ef það hefði verið vilji aðila, að gera undantekningu um sængurfatnaðinn, hefði þurft að taka það fram. Því sé edlilegt og sjálfsagt að túlka gistingarákvæði 20. gr. aðalkjarasamningsins á þann hátt, sem haldið er fram af hálfu stefnanda enda myndi annar skilningur leiða til mismununar á réttarstöðu ríkisstarfsmanna, sem stefnandi hafi aldrei samþykkt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að við skýringu á ákvæði 20. gr. aðalkjarasamnings aðilanna frá 1. apríl 1976 um gistingu verði að gera samanburð við eldri ákvæði kjarasamnings um þetta

atriði, en þar sé um að ræða ákvæði sérkjarasamnings Félags íslenzkra símamanna svo og kröfugerð stefnanda við undirbúning aðalkjarasamningsins frá 1. apríl. Í sérkjarasamningi stefnda og Félags íslenzkra símamanna frá 15. maí 1974 hafi verið svofelld ákvæði:

„7. gr.

1. *mgr.* Sé starfsmanni, sem er við störf fjarri heimili sínu, gert að gista í húsnæði, sem er í eigu eða umráðum ríkisins, skal það gistirými vera hlýtt og hreinlegt og viðlegubúnaður sambærilegur við það, sem gerist á gistihúsum. Aðgangur skal vera að hreinlætistækjum, þar á meðal steypibaði með tilheyrandi nauðsynjum.
2. *mgr.* Ef gistirýmið er skáli í óbyggðum, skal gistaðstaða eigi vera lakari en tíðkast í sæluhúsum Ferðafélags Íslands.
3. *mgr.* Á tímabilinu júní—ágúst er heimilt að nota tjöld til gistingar, þar sem torvelt er að sjá fyrir gistaðstöðu með öðru móti. Tjöldin skulu vera traust og vönduð og í þeim skulu vera rúmstæði og hitunartæki.“

Í kröfugerð stefnanda við undirbúning kjarasamningsins frá 1. apríl 1976 hafi verið svofelldur kafli:

„XI. Gisting.

1. *mgr.* — Sé starfsmanni, sem er við störf fjarri heimili sínu, gert að gista í húsnæði, sem er í eigu eða umráði ríkisins, skal það gistirými vera hlýtt og hreinlegt og viðleguútbúnaður sambærilegur við það, sem gerist á gistihúsum, eftir því sem við verður komið. Aðgangur skal vera að hreinlætistækjum, þar á meðal steypibaði með tilheyrandi nauðsynjum.
2. *mgr.* — Ef gistirýmið er skáli í óbyggðum, skal gistaðstaða eigi vera lakari en tíðkast í sæluhúsum Ferðafélags Íslands.
3. *mgr.* — Á tímabilinu júní—ágúst er heimilt að nota tjöld til gistingar, þar sem torvelt er að sjá fyrir gistaðstöðu með öðru móti. Tjöldin skulu vera traust og vönduð og í þeim skulu vera rúmstæði og hitunartæki.
4. *mgr.* — Ef gist er í vinnuskúrum, þar sem aðstaða er lakari

en gerist á gistihúsum, skulu gistipeningar greiddir að hálfu, en sé gistiaðstaða lakari, svo sem tjald, skulu gistipeningar greiddir að fullu.“

Stefndi bendir á, að við gerð aðalkjarasamnings 1. apríl 1976 hafi verið fallizt á 1. og 2. mgr. kröfugerðarinnar nær óbreyttar svo sem fram komi af endanlegum samningi, en 3. og 4. mgr. kröfugerðarinnar hafi verið hafnað af hálfu samninganefndar stefnda, eins og þær hafi verið settar fram. Ástæður fyrir synjun samninganefndar ríkisins hafi verið þær, að ákvæði 3. mgr. kröfugerðarinnar hafi verið samhljóða 3. mgr. þágildandi sérkjarasamnings Félags íslenskra símamanna og hafi samninganefnd ríkisins ekki talið kleift að taka slíkt ákvæði inn í aðalkjarasamning, þar sem hjá nokkrum ríkisstofnunum öðrum en Pósti og síma, verði oft og tíðum ekki hjá því komizt vegna umfangsmikilla verkefna, að vinnuflokkar gisti í tjöldum lengur en til ágústloka. Eigi þetta t.d. við um ýmsa mælingamenn. Ekki hafi legið fyrir við gerð aðalkjarasamnings, hvernig slíkri starfsemi stofnananna yrði hagað á næsta samnings-tímabili. Þá er bent á, að í 3. mgr. kröfugerðar stefnanda við gerð aðalkjarasamningsins sé rætt um „rúmstæði og hitunartæki“, en ekki minnzt á sængurfatnað. Í kröfugerðinni felist því, að ekki sé ætlazt til sams konar viðlegubúnaðar í tjöldum og „húsnæði“, skv. 1. mgr. Í 4. mgr. kröfugerðarinnar hafi svo verið sérstök krafa í tengslum við dvöl í vinnuskúrum og sé þar gengið út frá því, að viðlegubúnaður og aðstaða í vinnuskúrum sé önnur og lakari en í gistihúsum. Sýni það, að með orðalaginu „húsnæði í eigu eða umráði ríkisins“ í 1. mgr., þar sem viðlegubúnaður skuli vera sambærilegur og í gistihúsum, hafi vinnuskúrar ekki verið frekar hafðir í huga en tjöld. Á kröfu um sérstaka gistipeninga fyrir dvöl í vinnuskúrum og tjöldum hafi ekki verið fallizt. Því er haldið fram af hálfu stefnda, að með orðinu „húsnæði“ í 1. mgr. ákvæðisins um gistingu í 20. gr. aðalkjarasamningsins 1. apríl 1976 sé átt við t.d. gistisherbergi í símstöðvum víða um land og annað slíkt húsnæði, sem ýmsar ríkisstofnanir eigi eða hafi á leigu og ætlað sé til nota í tengslum við starfsemi stofnananna á hverjum stað. Við samningsgerð þessa hafi jafnvel komið til umræðu nokkrar einstakar húseignir, sem ákvæðið gæti náð til. Af hálfu samninganefndar stefnda hafi annað gistirými ekki verið til umræðu en húsnæði þetta, þ.e.

fast varanlegt húsnæði í tengslum við fasta starfsemi, en alls ekki vinnuskúrar, sem færðir séu til út um sveitir. Er Félag íslenzkra símamanna hafi svo lagt fram kröfur um sérkjarasamning fyrir Kjaranefnd 9. júní 1976 hafi verið ljóst, að félagið hafi talið mála- lok við gerð aðalkjarasamningsins óviðunandi og hafi félagið þá gert svofelldar kröfur:

„10. gr.

1. mgr. — Sé starfsmanni, sem er við störf fjarri heimili sínu, gert að gista í húsnæði, sem er í eigu eða umráðum ríkisins, þar með taldir íbúðarskúrar vinnuflokka, skal það gistirými vera hlýtt og hreinlegt og viðlegubúnaður sambærilegur við það, sem gerist á gistihúsum, sbr. reglugerð samgönguráðuneytisins um gisti- og veitinga- staði.
2. mgr. — Aðgangur skal vera að viðunandi snyrtiaðstöðu með heitu og köldu vatni í steypibaði og handlaugum og rennandi vatni í salernum.
3. mgr. — Ekki skulu fleiri en tveir menn gista í hverju herbergi.
4. mgr. — Sameiginleg aðstaða skal vera fyrir starfsmenn til að njóta frítíma m.a. með því að útvarps- og sjónvarps- tæki fylgi hverjum gistaða.
5. mgr. — Í vinnuflokkum þar sem mötuneyti er starfandi skal vera fullkomin aðstaða til kælingar á matvælum. Þar skal einnig vera fullkomin aðstaða til þvotta á fatnaði.“

Stefndi bendir á, að ákvæði 1. mgr. 10. gr. í kröfugerðinni sé samhljóða 1. mgr. ákvæðisins um gistingu í 20. gr. aðalkjarasamningisins að öðru leyti en því, að í kröfugerð um sérkjarasamninginn hafi verið skotið inn „þar með taldir íbúðarskúrar vinnuflokka.“ Kjaranefnd hafi hins vegar ekki tekið þessa kröfu til greina, en ákveðið að ákvæði 3. mgr. 7. gr. fyrri sérkjarasamnings skyldi gilda áfram. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að það hafi aldrei tíðkæzt að leggja til sængurfatnað, þegar vinnuflokkar gista í vinnuskúrum, heldur komi starfsmenn alla jafna sjálfir með sinn sængurfatnað. Ekkert komi fram í aðalkjarasamningnum, sem bendi til að gjörbreyta hafi átt þeirri venju, svo sem felist í kröfugerð stefnanda í þessu máli. Þá sé og á það að líta, að húsnæði ríkisins, jafnt sem tjöld og vinnuskúrar, sé nýtt af starfsmönnum stofnana, án

tillits til þess, eftir hvaða kjarasamningum þeir taki laun. Ef viðurkennt yrði, að félagsmenn stefnanda ættu rétt á viðlegubúnaði í vinnuskúrum, sambærilegum og í gistihúsum, þýddi það að starfsmönnum innbyrðis yrði mismunað, enda ljóst, að allur sá fjöldi starfsmanna ríkisins, sem tekur laun eftir samningum aðildarfélaga Albýðusambands Íslands, geti ekki gert slíka kröfu. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að Kjaranefnd hafi raunverulega kveðið upp endanlegan úrskurð um ágreiningsefni málsins, er hún kvað upp úrskurð um sérkjarasamning Félags íslenzkra símamanna 1976 og verði sá úrskurður ekki lagður undir dóm Félagsdóms.

Ágreiningsefni máls þessa varðar skýringu á ákvæði í aðalkjarasamningi aðila. Er Félagsdómur bær um að dæma um ágreiningsefnið þótt Kjaranefnd kunni að hafa tekið afstöðu til atriða, sem því eru tengd, er hún kvað upp úrskurð um sérkjarasamning Félags íslenzkra símamanna á árinu 1976.

Í 1. mgr. ákvæðis um gistingu í 10. gr. aðalkjarasamnings aðila 1. apríl 1976 er fyrirvari um viðlegubúnað. Vegna þessa fyrirvara og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins þykir stefnandi ekki hafa leitt í ljós, að hann eigi samningsbundna kröfu til viðlegubúnaðar þess, sem fólgin er í kröfugerð hans.

Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður verður látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Bjarni Sigurðsson, Guðmundur Vignir Jósefsson og Þorsteinn Thorarensen.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja f.h. Félags íslenzkra símamanna.

Málskostnaður fellur niður.

---